



Fjárlaganefnd

Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Alþingi

Akureyri 19. október 2023

Efni: beiðni um fjárframlag til reksturs Bjarmahlíðar, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri fyrir starfsárið 2024.

Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis var opnuð á Akureyri 1. apríl 2019 og fékk heitið Bjarmahlíð. Um tilraunaverkefni var að ræða í tvö ár og lauk því 31. mars 2021. Fjármögnun verkefnisins var í höndum Félagsmálaráðuneytis og Dómsmálaráðuneytis. Ráðuneytin lögðu hvort um sig fram 12 milljónir en áætlaður rekstrarkostnaður var 12 milljónir á ári. Ráðinn var teymisstjóri Bjarmahlíðar og er launakostnaður langstærsti útgjaldaliður Bjarmahlíðar. Árið 2021 lagði Félagsmálaráðuneytið fram 6 milljónir til rekstursins og Dómsmálaráðuneytið 3 milljónir og þannig var tryggt rekstrarfé út almanaksárið 2021 enda viðurkennt að Bjarmahlíð er úrræði sem nauðsynlegt er að bjóða þolendum upp á enda þjónusta sem er ekki veitt annars staðar. Fyrir árið 2022 lagði Félagsmálaráðuneyti til 6 milljónir til rekstursins og fjárlaganefnd kom úrræðinu til bjargar við lok fjárlagagerðar og veitti 7 milljónum til rekstursins. Fyrir árið 2023 tryggði fjárlaganefnd rekstur Bjarmahlíðar og veitti 13 milljónum svo halda mætti úrræðinu opnu árið 2023. Eftir að Bjarmahlíð var tekin til starfa var þolendamiðstöðin Sigurhæðir opnuð á Suðurlandi og er enn unnið að því að bæta þjónustu við þolendur um allt land. Bjarmahlíð þjónustar alla íbúa á Norðurlandi og Austurlandi og í raun alla sem þangað leita. Vilji ríkisstjórnar og Alþingis hefur staðið til þess að bjóða upp á þessa þjónustu á Akureyri sem er sambærilegt úrræði og Bjarkahlíð í Reykjavík.

Bjarmahlíð hefur sannað gildi sitt og hafa fjölmargir einstaklingar nýtt sér þjónustu Bjarmahlíðar síðan hún var opnuð. Þolendamiðstöðin var upphaflega fyrir þolendur ofbeldis, 18 ára og eldri, sem hafa upplifað ofbeldi og/eða eru að upplifa ofbeldi í núverandi sambandi. Þjónustan felst í stuðningi, ráðgjöf og upplýsingagjöf til þolenda á þeirra forsendum. Hugmyndafræðin er svokallað „one stop shop“ þangað sem þolendur geta leitað og fengið þá þjónustu sem þörf er á þrátt fyrir að ólíkir aðilar veiti hana. Bjarmahlíð veitir ráðgjöf og kemur aðilum og málum þeirra í viðeigandi farveg. Lögregla er oft kölluð til og sinnir þá þolendum í Bjarmahlíð bæði saksóknarar með ráðgjöf og rannsakendur vegna rannsóknar mála. Mismunandi aðilar eru kallaðir til eftir því hvaða þörf er á þjónustu og leiðir Bjarmahlíð þolendur í gegnum ferlið. Þjónustan er einstaklingum að kostnaðarlausu og eru samstarfsaðilar Bjarmahlíðar með reglulega viðveru í húsinu. Samstarfsaðilar eru Aflið, Kvennaathvarfið, Lögreglan, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvennaráðgjöfin, lögfræðingar Akureyrarbæjar, Félagsþjónusta Akureyrarbæjar, Heilsugæslan, SAK og Háskólinn á Akureyri.

Í upphafi árs 2022 tók Bjarmahlíð að þjónusta ungmenni 16-18 ára og var gerður samstarfssamningur við barnavernd og framhaldsskóla á svæðinu um að veita ungmenum 16-18 ára einnig þjónustu í Bjarmahlíð. Sá hópur er stór og lítur ekki á sig sem viðföng



Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138 - 600 Akureyri - Sími 444 2800
Kt. 670814-0410

barnaverndar og hefur sýnt sig að vill leita til Bjarmahlíðar eftir aðstoð. Barnaverndir hafa ekki úrræði sambærilegt Bjarmahlíð til að veita þolendum þjónustu. Þá er Bjarmahlíð mikilvægt stuðnings úrræði við reksturs Kvennaathvarfs á Akureyri þar sem stuðningsviðtölum hefur verið sinnt í Bjarmahlíð og því um mikilvægt samstarf að ræða. Þá ber að nefna að í aðgerðaáætlun gegn mansali er stefnt að því að Bjarkahlíð, systurstofnun Bjarmahlíðar í Reykjavík verði þolendamiðstöð fyrir þolendur mansals. Bjarmahlíð getur einnig gegnt því mikilvæga hlutverki fyrir þennan hluta landsins og mikilvægt úrræði í baráttunni gegn mansali þar sem öllu skiptir að tryggja stöðu þolenda.

Nauðsynlegt er að Bjarmahlíð fái að þroskast og dafna og hefur komið í ljós að veruleg eftirspurn er eftir úrræðum í formi hópastarfs þar sem þolendum er kennt að setja mörk í samskiptum og forðast meðvirkni. Einnig er fyrirhugað að halda úti hópastarfi fyrir aldurshópin 16-18 ára í samstarfi við barnavernd þar sem ungmennum verður mætt með áfallamiðaðri nálgun sem felur í sér valdeflingu og eflingu áfallaseiglu, sem um leið geta verið verndandi aðgerðir gegn ofbeldi síðar á lífsleiðinni.

Fjármögnun Bjarmahlíðar er ekki tryggð fyrir árið 2024 og er Bjarmahlíð því nauðsynlegt að fá stuðning fjárlaganefndar fyrir verkefninu. Að öðrum kosti þarf að loka úrræðinu. Það væri afar misráðið í ljósi stöðunnar í samfélaginu þar sem þolendur hafa mikla þörf fyrir aðstoð. Aðstoð sem veitt er í Bjarmahlíð er ekki veitt annars staðar nema hjá systurstofnuninni Bjarkahlíð í Reykjavík.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að kostnaður við **rekstur Bjarmahlíðar á ársgrundvelli sé 20.000.000 kr.**

Virðingarfyllt,

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri og
formaður stjórnar Bjarmahlíðar.

